
Til bókunarþjónusta vegna nýrrar löggjafar á sviði ferðamála.

Þann 1. janúar nk. taka gildi nýlög um Ferðamálastofu nr. [96/2018](#) og lög um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun nr. [95/2018](#)

Með nýrri löggjöf leggjast bókunarþjónustur af. Starfsemi núverandi bókunarþjónusta verður leyfisskyld, það fer eftir eðli starfseminnar hvort um verður að ræða leyfi [ferðasala dagsferða](#) eða [ferðaskrifstofu](#).

Af athugun Ferðamálastofu á starfsemi bókunarþjónusta er ljóst að starfsemi margra þeirra er þannig að þær verða leyfis- og tryggingarskyldar sem ferðaskrifstofur. Því verða forsvarsmenn og starfsmenn bókunarþjónusta að kynna sér nýja löggjöf vel, öðlast góðan skilning á þeim hugtökum sem þar eru notuð og laga sig að breyttum aðstæðum.

Lög um Ferðamálastofu

Helstu breytingar lúta að leyfismálum, skyldu til að gera öryggisáætlanir og heimildum Ferðamálastofu til að leggja á dagsektir.

Leyfismál

Leyfin verða tvenns konar; [ferðaskrifstofuleyfi](#) og leyfi sem [ferðasali dagsferða](#). Bókunarþjónustur leggjast af.

Núverandi bókunarþjónustur verða að skoða starfsemi sína út frá nýrri löggjöf (lögum um Ferðamálastofu nr. [96/2018](#) og lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun nr. [95/2018](#)) og sækja um viðeigandi leyfi fyrir 1. mars 2019. Ferðamálastofa metur hvort starfsemi telst falla undir hugtakið [ferðaskrifstofa](#) eða [ferðasali dagsferða](#).

Ekki er tekið leyfisgjald fyrir leyfi til þessara aðila. Rétt er að benda á að falli starfsemi þeirra undir leyfisskyldu sem ferðaskrifstofur þurfa þeir að greiða gjald vegna mats á tryggingafjárhæð í samræmi við [VII. kafla laga um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun](#). Sæki bókunarþjónustur ekki um leyfi fyrir 1. mars 2019 telst starfsemi þeirra brjóta í bága við lög og er þeim óheimilt að halda áfram starfsemi. ([Ákv. til bráðabirgða nr. 1](#)). Innheimt verður leyfisgjald fyrir allar umsóknir sem berast eftir 1. mars 2019.

Hægt verður að sækja um endurskilgreiningu leyfis í gegnum þjónustugátt Ferðamálastofu frá 1. janúar 2019.

Seljendur [pakkaferða](#), þ.e. [skipuleggjendur](#), [smásalar](#) og þeir sem hafa milligöngu um [samtengda ferðatilhögun](#), verða leyfisskyldir sem ferðaskrifstofur og [tryggingarskyldir](#) skv. lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun. Þetta á við hvort sem um er að ræða eigin pakkaferðir eða ferðir sem seldar eru fyrir aðra.

Tekin verða upp ný auðkenni ferðaskrifstofa og ferðasala dagsferða og leyfisbréf verða einungis gefin út rafrænt.

Öryggisáætlanir

Öllum sem framkvæma eða hyggjast framkvæma [skipulagðar ferðir](#) innan íslensks yfirráðasvæðis verður, frá 1. janúar 2019, skylt að hafa skriflegar öryggisáætlanir, á íslensku og ensku, fyrir hverja tegund ferða. Óheimilt verður að bjóða ferð til sölu eða kynna á nokkurn hátt ef öryggisáætlun liggur ekki fyrir.

Leiðbeiningar varðandi öryggisáætlanir má nálgast á [vef Ferðamálastofu](#).

Dagsektir

Nýmæli er heimild Ferðamálastofu til að leggja á [dagsektir](#) ef ekki er farið að fyrir mælum stofnunarinnar á grundvelli laganna. Dagsektir geta numið frá 50 þús. kr. til 500 þús. kr. á dag.

Lög um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun

Með lögnum er tilskipun ESB um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun [nr. 2015/2302](#) innleidd í íslenskan rétt. Markmið laganna og tilskipunarinnar er aukin neytendavernd og eru skyldur þeirra sem selja [pakkaferðir](#) eða hafa milligöngu um [samtengda ferðatilhögun](#) skilgreindar í lögnum. Jafnframt er kveðið á um aukin réttindi ferðamanna.

Mikilvægt era að bókunarþjónustur rýni starsfsemi sína og skoði sérstaklega hvort þær selja [pakkaferðir](#) eða hafa milligöngu um [samtengda ferðatilhögun](#), samkvæmt nýrri löggjöf. Þeir aðilar sem það gera verða að kynna sér sérstaklega ákvæði laga [nr. 95/2018](#) um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun.

Ítarlegri upplýsingar um lagabreytingarnar er að finna á [vef Ferðamálastofu](#) mikilvægt er að forsvarsmenn bókunarþjónusta kynni sér þær.

Akureyri 13. desember 2018

Starfsfólk Ferðamálastofu
Stjórnsýslusvið - leyfisveitingar

